18-27-1

Viljinn.

1927.

i Tölubl.

# Viljinn

Lestrarfélagsblað
i Miklabæjarsókn

Vidkomustadir „Viljans"

—

Djúpidalur — Litlidalur — Stóru-Akrar — Höskuldsstadir — Midhús — Þorleifsstadir — Grundarkot — Vaglar — Hrólfsstadir — Miklibær — Víkarkot — Vídivellir — Sólheimar — Sólheimagerdi — Úlfsstadakot — Úlfsstadir — Kúskerpi —

Skilist þadan til bókavardar. Óskad er eftir, ad „Viljinn" sé ekki nema eina nótt á bæ. Þetta ætti ad vera vel framkvæmanlegt, hér í þéttbýlinu. Félagsmenn ættu ekki ad vefja bladid saman eda krypla þad í vasa. Þad verdur ólæsilegra, og skemmist á því.

# Viljinn

Lestrarfélagsblad í Miklabæjarsókn

| 18 ár | Nóvember 1927 | 1 tbl. |
| --- | --- | --- |

## Frystihús.

—

Ad miklu leyti er efnaleg afkoma ísl. bænda undir því komin, ad þeir hafi gódan og hagkvæman markad fyrir afurdir búa sinna, og á gódri efnalegri afkomu bændanna byggist vidreisn landbúnadarins og ræktun sveitanna. — Einn stærsti lidurinn af framleidslu búanna til útsölu og útflutnings ~~hefir verid nú lengi~~ er dilkakjötid; hefir svo lengi verid og lengi mun svo enn verda, a.m.k. úr sumum sveitum landsins. En nú er svo komid med þá vöru, ad saltad kjöt er stórum ad falla, eda fallid

í verði og áliti kaupenda og mjög litlar líkur til að verðið muni færast í það horf, sem fyrr var. Mest af saltkjötinu hefir verið flutt til Noregs og selt þar. Annarsstaðar hefir verið lítill markaður fyrir það. En nú eru Norðmenn (að auka kjötframleiðslu sína í stórum stíl (vilja reyna að komast sem næst því, að verða sjálfum sér nógir með kjötframleiðslu) og dregur slíkt mjög úr kjötkaupum þeirra frá Ísl. Saltkjötið okkar hefir líka aldrei þótt ~~verða~~ vera það góð vara, hefir aldrei fengið á sig „gott orð", og mun þar um valda að nokkru, oft misheppnuð verkun (skemd) á kjötinu. – Markaðurinn fyrir saltkjöt, bæði nú, og ekki síður framvegis mun því mega teljast bæði þröngur og fremur óviss. – Hinsvegar mun markaður fyrir fryst (og kælt) kjöt mega teljast bæði rúmgóður og ábyggilegur. Frysta kjötið (takist verkunin vel) mun ætíð, hjá öllum kjötneytendum verða talin fyrsta flokks vara, að gæðum, og séð hefi eg það fullyrt á prenti eftir góðri heimild hafa, að lítið mundi þess gæta á heimsmarkaðinum, þó að allir dilkar sem lógað er á hausti hverju á Íslandi, væru frystir til útflutnings. Nú er það talið víst, að fryst dilkakjöt íslenskt sé hátt upp í það eins gott, og hið ljúffengasta dilkakjöt er, sem selt er í útlöndum. Má því markaður fyrir nýtt ísl. dilkakjöt (fryst, kælt) teljast ~~bæði trygg~~ mjög ábyggilegur og tryggur og mun svo verða, alla þá tíð, sem stórþjóðirnar neyta kjöts í jafnríkum mæli og nú er, en svo mun lengi verða.

Á undanförnum allmörgum árum, hefir það jafnan munað tölnverðu, en þó samt nokkuð mismunandi miklu, hvað Eyfirðingar hafa haft betri markað – hærra verð – fyrir sláturfjárafurðir sínar, (sérstaklega kjötið) en við Skagfirðingar hér á Sauðárkróki. Hafa sumir talið til þess eðlilegar orsakir. Akureyrarkaup-

allir bændur séu alveg sammála um þad, ad þeir vilji og þurfi, ad fá sem allra hæsta verd fyrir dilkakjötid sitt og sem tryggastan markad fyrir þad. Þetta eru Eyfirskir bændur búnir ad fá, (hátt verd og tryggan markad) en Skagfirskir bændur ekki. En med því ad reist verdi frystihús á S. Krók eru Skagf. bændum veittir möguleikar til sömu adstödu og Eyf. hafa nú med kjötsöluna.

Þegar um slíkt fyrirtæki er ad ræda — frystihúsbygginguna fyrir heilt hérad, med öllum naudsynlegum útbúnadi — þá þarf ekki (ad ganga (ad því gruflandi, ad ~~þad kos~~ á fjárhagsmælikvarda bændanna kostar þad stórfé ad koma því upp. Þad er engum efi á því. Líklega 80–100 þús. krónur. En kostar þad ekki líka stórfé á hverju ári, þegar bændur geta ekki selt kjötid sitt, fyrir hæsta verdi sem hægt er ad fá. en verda máske ad selja sáluverdkjörum, 1/3 lægri en þetta hæsta verd er.

Eg er ekki vel kunnugur því, hvad mörgu fé er venjulega slátrad á S.Krók. á haustin. Eg heyri sagt, ad s.l. haust hafi sláturféd verid med flesta móti. En þó ad þad væri med færra móti í haust, þá er eg viss um þad, ad 30 aura (~~eda meir~~) verduppbót á hvert innlagt kjötkilogrammi á S.Króks sláturhúsum hefdi numid stórfé.

Þeir sem kunnugir eru hve mörgu fé er jafnadarlega slátrad á S.Krók, og vita hvad margar tunnur kjöts eru fluttar út (en í þeim öllum er jafnt vigt), þeir ættu ad geta reiknad út og farid nærri um, hvad háa upphæd t.d. 30 aura verduppbót á hvert k.g. mundi gera. Eg er hræddur um ad mönnum mundi þykja sú upphæd all-álitleg. Og eg vil spyrja? Eru bændur í Skagafirdi færir um ad tapa þeirri fjárhæd úr vasa sínum ár eftir ár?

Vel getur, ad sitt sýnist hverjum um þad, hver eigi ad hafa forgöngu ad frystihúsbyggingu á S.Krók. Taka ad sér framkvæmdir

og starfrækslu. Mér fyrir mitt leyti synist að þar sé ekki nema um tvent að ræða — Annaðhvort verður Kaupfj. Skagf. að gera það, (með þátttöku og samlögum Sláturfélags Skagfirðinga) eða þá hitt, að frystihúsbyggingin verði algjört héraðsfyrirtæki. og hafi þar jafnan aðgang og þátttöku Kaupfélagið, Sláturfélagið og Kaupmenn þeir, sem sláturfé taka. Hið síðara tel eg vera heppilegra, því með því móti geta allir þjóreigendur héraðsins notið verðhækkunar kjötsins, enda líka eðlilegast að húsið verði fyrir alla sýslubúa, því allir sýslubúar munduð koma til með að þurfa að standa á bak við ábyrgð er Sk.fj. sýsla tæki að sér vegna frystihúsbyggingarinnar. og fleira er það sem mælir með því að frystihúsið sé héraðsfyrirtæki.

Annars ættu menn að hugsa um mál þetta vel og rækilega, því búast má við, að við því verði hreyft í vetur, hér í héraðinu og það opinberlega, og reynt að hrinda því í áttina til framkvæmda. Væri æskilegt ef einhver vildi

senda „Viljanum" skoðun sína á málinu og afstöðu til þess.

16. nóv. 1927
Stefán Jónsson.

---

# Leynings-feðgar.

Kafli úr sögu, eftir — Búa

—

Leyningin var aldrei talinn í hellri jarða röð í sveitinni; jörðin var lítil en hæg og hafði mönnum búnast þar fremur vel, svo lengi sem sögur fóru af. — Túnið var grasgefið með afbrigðum, en þýft — alveg fram úr öllu lagi karga-þýft.

Símon bar vel á túnið sitt og fór vel með það í alla staði. Alt vorið var hann vakinn og sofinn að verja það. Þarna var hann uppi eins og þjóðir allar nætur til að reka úr því, síðan þörður stálpaðist

og hætti að gefa sinn því að vatta. Hann fór aldrei svo um sveitina að næturlagi, að vart til, að eigi heyrðist hundgá frá Kreyringi. Manna á milli var því fleygt, að Símon heyrði það í gegnum svefninn, ef skepna kæmi í Túnið.

Einhverntíma um miðja öldina sem leið hafði Kreyningsbóndinn byrjað þar á Túnasléttum, en þar jarðabætur voru eftir forskriftum úr riti „Suðuramtsins húss og bússtjórnarfélags", þeirrar tala átti hverja þúfuna fyrir sig, og verklagið mint á það, að verið væri að stinga á kýli; þúfan rist í sundur, tekið innan úr henni og jafnað úr henni og síðan jafnaðum grætt með sömu þökum yfir sárið.

Um marga áratugi hafði engum manni dottið í hug að slétturnar bletturinn í Kreyningstúni væru gerðir af mannahöndum, þeir voru svo afboðs litlir og alveg ótrúlega óreglulegir. Þó gerðu þeir sitt gagn, síðan tað-

vélarnar komu til sögunnar. Hægt var að stöðva vélina á þeim og mala þar áburðinn á næstu þúfnakollana.

Til sem rann það upp fyrir Þórði, að sléttu blettirnir í Túninu voru mannaverk. Hann hafði lesið um þess háttar jarðabætur í gömlum ritum. Það var ekki að spyrja að því með Þórð. Kæmi eitthvað nálægt jarðrækt, þá var hann þar útsmoginn. Hann kunni alla jarðræktarsöguna alt frá „Þúfnatilskipuninni" sælu, er einhver Danakonungur sendi fósturjörðinni á ofanverði 18 öld — Tilskipunin kom eigi að tilætluðum notum eins og kunnugt er. Túnþýfið á Íslandi hefir mi staðist annað eins og eina konunglega tilskipun.

En Símon í Kreyningi leit svo á, að sléttu blettirnir voru eins og hver önnur Guðs handaverk í Túninu; forsjóninni hefði þóknast að ganga svo frá því handa honum — enda

átti tímið svo að vera. Hann elskaði tímið sitt — elskaði það í þeirri mynd sem það var, og þegar hann var að malla áburðinum á þúfnakollana, þá fór hann höndum um þúfurnar eins og þetta væru lífi gæddar verur, félagar hans, eða öllu heldur fósturbörn, sem forsjónin hefði falið honum að annast. Sumir héldu því fram, að Símon þekti margar þúfurnar með nafni.

En sagan er eigi um þúfurnar, heldur um Leyningsfeðga, Símon og Þórð. Símon hafði búið allan sinn búskap í Leyningi. Hann var nú kominn á efri ár. Þórður var einbirni. Hann hafði alla sína tíð verið í heimahúsum.

Í sveitinni var Þórður alment talinn í sérvitra lagi. Menn höfðu haldið að hann væri að hugsa til skólanáms. Efni voru nóg — til þess að gera. Símon hefði hæglega getað séð af Þórði svosem tvo vetur á búnaðarskóla. En það varð ekki af því. Þórður sat heima alla vetur við skepnuhirðingu — jafnframt því sem hann las.

Hann las feiknin öll — en mest um búskap, byggingar, jarðrækt, búfjárrækt, alt sem komið gæti að gagni fyrir bónda.

En hvað mikið sem Þórður las, bar ekki á því að hann hirti neitt um, að koma neinum breytingum á búskapinn í Leyningi. Þar var alt með sama svip ár eftir ár — alt í hinu forna horfi. Stungið var saman nefjum um það í sveitinni, að Þórði væri nær að lesa ögn minna og koma einhverjum framförum í framkvæmd. En þá var þess eigi gætt, að við ~~að~~ ramman var reip að draga þar sem Símon var.

Símon gamli í Leyningi var aldrei talinn í heldri bænda röð í sveitinni, en hann var langt ofan við kotungana. Hann var bjargálna bóndi, efnalega sjálfstæður alla tíð. Altaf átti hann inni hjá kaupmanninum — og gripsverð var sagt hann hefði í handraðanum eða ef til vill ríflega það, til að grípa til, ef á þyrfti að halda.

Honum var alveg meinilla við allar breytingar. Þær voru blátt áfram eitur í hans beinum. Einhver stærsta bylting í lífi hans var það, er skosku ljáblöðin komu til sögunnar og orfhólkarnir. Hann elskaði gömlu ljáina og ljáböndin, ekki síst böndin, sem stolið höfðu afli úr hverjum ljáfara, sem slegið hafði verið síðan á landnámsöld. En þá var Símon ungur, er hann varð að láta undan í þessu efni. Nýji tíminn vann sigur. Síðan var hann, eftir því sem hann best vissi, staddur í hringiðum breytinganna — og myndi hann á engan hátt þola meira af því tagi.

Búnaðarfélög hataði Símon eins og pest, og aldrei var hann ánægðari með sjálfum sér, en þegar hann heyrði að einhver búfræðingur-inn hefði flasnað upp, ellegar væri farinn á höfuðið. Var hann eigi margorður um það frekar en annað og venjulega var hann umtalsgóður mjög.

Símoni óaði við öllum bókunum, sem Þórður las, honum stóð blátt áfram stuggur af þeim. Hann snerti þær aldrei — leit ekki í þær, lét sem hann vissi ekki af þeim.

---

Um vorið, þegar Þórður var 21 árs spurði hann eitt sinn föður sinn að því, hvort hann hugsaði sér ekki að taka menn í jarðabótavinnu. Það voraði snemma það ár og var óvenjulega góður tími til jarðabóta starfa.

Símon leit á Þórð, fyrst framan í hann, og færði sig síðan niður eftir, alla leið til jarðar, síðan upp aftur og þannig tvær umferðir, hægt og bítandi, án þess að mæla orð. Síðan sagði hann — rétt si sona:

— Á meðan ég er við búhokur hérna á Freyningi, þá býst ég við, að lofa túninu mínu að vera eins og Guð hefir gefið mér það í hendur. Og mun aldrei leggja skildingana mína í það, að tæta túnið mitt sundur fyrir augunum á mér. Ónei drengur minn. Það verður ekki af því.

Og átti ekki annað eftir, en gera breytingstímið að flagi.

Þórður mælti ekki orð. Honum brá ekki frekar en hefðu þeir feðgar verið að tala um veðrið. Hann gekk í burt og horfði til fjalls með hendur í vösum. Eftir því sem hann var skapi farinn er ekkert líklegra, en hann hafi strengt þess heit á þeirri stundu, að minnast aldrei framar á jarðabætur við gamla manninn.

Þegar kom fram yfir næstu áramót, kom Þórður eitt sinn að máli við Karl föður sinn, og sagðist vera að hugsa um að fara burtu í vor.

— Og hvert? spyr Símon

— Til sjós, til dæmis, segir Þórður, ellegar á eitthvað út í veröldina

Talið féll niður

Eftir 5 vikur kom Símon að máli við son sinn. Sagðist lengi hafa verið að hugsa um að tala við hann. Sér hefði dottið í hug að orða það við hann, hvort hann vildi ekki taka við kotinu í vor.

Þórður svaraði því svo sem engu og var ómögulegt fyrir Símon að gera sér grein fyrir því, hvað hann hugsaði til þeirra mála.

En næsta sunnudag ympraði Þórður á því við föður sinn, hvort honum hafi verið alvara með þetta á dögunum, að hann ætlaði að bregða búi í vor.

— Alvara - segir Símon, Ja - Jú, sér hafi í raun og veru verið alvara með það, það er að segja, hann hefði ef til vill hugsað sér að hafa eitthvert horn af jörðinni, svo sem eins og þriðja part eða hálfa hálflenduna eða þvíumlíkt.

Þeir slitu talinu

Nokkrum dögum síðar kemur Símon til konu sinnar, þar sem hún situr inni í baðstofu og er að keppast við að spinna í gríð og ergi

— Hvað kemur til, að þú ert allt í einu svo önnum kafin við tóskapinn?, spyr Símon bóndi

— Og kann ekki við að láta hann Þórð

okkar fara blá-nærfatalausan út í heiminn, segir Ingibjörg húsfreyja og lítur ekki upp frá rokknum.

Símon vindur sér fram úr baðstofunni og út á hlað. Þar hitti hann Þórð.

— Og þú ert að hugsa um að fara? segir Símon.

— Já, ég er ráðinn, segir Þórður og lyftir derinu á húfunni sinni upp í hársrætur.

— Ráðinn? Hvar? segir Símon

— Ráðinn í því að fara, segir Þórður

Símon leit undan. Hann gekk hægt fram að stagstólpanum í hlaðbrekkubrúninni og studdi hægri ~~hendinni~~ öxlinni við stólpann. Þannig stóð hann með hendurnar í vösunum og horfði niður fyrir fætur sér. Hann sneri baki að Þórði.

Í þessar stellingar fór Símon aldrei, nema þegar einhver vandamál bar að höndum. Þannig stóð hann, þegar hann skipaði fyrir að draga upp fjósheyið um árið, til að forða því frá bruna. Og þannig stóð hann þegar Skjalda fékk doðann. Og nú var hann í meiri vanda en nokkru sinni fyr.

Þórður gekk upp að bæjarþilinu og hallaði sér upp að því makindalega. Hann horfði fram yfir ána og engjarnar. Í svip hans var engin vandræði, miklu fremur leikur og gletni. Hann renndi augunum við og við til gamla mannsins við stólpann.

Eftir nokkra stund reis Símon úr stellingum sínum. Hann horfði stundarkorn fram yfir völlinn, áður en hann sneri sér við. Gekk hann síðan rakleitt en hægt upp að bæjarþilinu til Þórðar og mælti:

— En ef þú ferð alla jörðina

— Þá verð ég kyr, sagði Þórður, eins og það væri hinn sjálfsagðasti hlutur í heiminum.

[Fr.h.]

# Heiður þeim sem heiður ber.

—

Flestum er svo háttað, að þeim finst mikið um þá menn, sem sérstaklega skara fram úr að dugnaði og framtakssemi í því, sem er gott og nytsamt og horfir til heilla. Sama gegnir um hina, er öðrum fremur sýna þrek og áræði í þrautum og mannhættum. Og ekki þykir minst vert um þá, er hafa til brunns að bera andlegt atgerfi í ríkulegum mæli, og láta það ásjást í verkinu.

Hér hjá okkur er þeim mönnum einkum sungið lof og þeir hafðir til skýjanna, er gefa sig við <u>skáldskap</u> og <u>listum</u>. Þykja þeir gersemi mikil, og eigi þjóðin þeim meira að þakka, en jafnvel nokkrum öðrum. Er svo á sumum að skilja, að það séu þessir menn, er beri þjóðina uppi og haldi veg hennar og orðstír á lofti út á við.

En of mikið má af öllu gera. Og þetta lof, sem borið er á flest skáld og alla listamenn er stundum öfgafult og oft óverðskuldað.

Óneitanlega eru þau skáld og þeir listamenn mikils virði fyrir hverja þjóð, er megna það með skáldskap sínum og list, að bæta og göfga hugsunarháttinn og mannlífið. Þá hlýtur starf þeirra að bera heillavænlega ávexti fyr eða síðar og hefja þjóðirnar á hærra stig. Eru þeir alls góðs maklegir — En skáldin eru misjöfn eins og aðrir, og þeir sem fást við listir, eiga ekki saman nema nafnið. Það er ekki alt gull sem glóir.

Hitt er satt, að við eigum nokkra ágætismenn á þessum sviðum. Við höfum átt og eigum: „Guðlegt skáld er svo vel söng, að sólin skein í gegnum dauðans göng". Þessi afburðaskáld, sem orka þess, að senda ljós og yl út meðal fólksins og vekja það af svefnmóki áhugaleysis og dáðleysis, verðskulda aðdáun og heiður. Engum ætti að fást um það eða öfundast

yfir því, þó að þeim mönnum sé sýndur einhver sómi, á einn eður annan hátt. Það er ekki nema rétt og sjálfsagt.

En fleira er matur en flesk. Og menn lifa ekki á tómum skáldskap og listum í þessum heimi. Einhverjir verða að framleiða, yrkja jörðina, sá og uppskera og afla fiskjar úr sjónum. Og það er eigi minna vert um þá, sem það starf hafa með höndum, en hina er stunda listir og bókvísi. En hverjir eru þeir? Það eru bændurnir, sjómennirnir og verkalýður þessa lands. Meðal þessara stétta eru einnig ýmsir menn, sem skara fram úr öðrum, menn sem eru fyrirmynd annara í dugnaði, framtakssemi, iðni og atorku. ~~Fraf~~ Framför og velmegun þjóðarinnar er eigi hvað minst undir því komin að vér eigum sem flesta slíka menn. Og svo er fyrir að þakka að þeir eru fleiri en almenningur í fljótu bragði virðist ætla. En það er ekki verið að fylla blöðin að jafnaði

~~um~~ með lofræðum um þá, eða afreksverk þeirra. Blöðin minnast þeirra helst, ef þau sjá sér <u>pólitískan</u> hag í því. Þá hafa þau það til, eða aðstandendur þeirra, að ausa á þessa menn tilgerðarlegu utangarna-lofi. Annars er þeirra tíðast (að fáu getið.

Það eru annars skiftar skoðanir um það, hverjir vinni þjóðinni mest gagn, – þeir er fást við listir og bókmentir, eða hinir, sem eiga jörðina og róa út á sjóinn. Út úr þessu hafa menn þráttað nokkuð, án þess þó að fengist hafi verið endanlegur úrskurður um það mál. Sumir hafa haldið því fram, og gera enn, að skáldin og listamennirnir séu og hafi jafnan verið <u>helstu</u> menn og „<u>höfðingjar</u>“ þessa lands. Aðrir segja, að það séu framleiðendurnir — bændur og búalýður — er með réttu geti borið höfðings-nafnið.

Hér skal eigi deilt um það hvorir menn hafa réttara fyrir sér í þessu efni. Hafa máske hvorirtveggja nokkuð til síns máls. Það sem máli

skiftir hér er það, hvernig menn vinna sín-verk, og hvert gagn þau gera þjóðinni í nútíð og framtíð.

Þeir menn, sem kappkosta með orðum sínum og verkum að efla hag og velgengni annara, andlega og líkamlega, eiga jafnan þökk og heiður skilið. En þeir eru og verða ætíð tiltölulega fáir, sem skara langt fram úr, í andlegum og verklegum efnum. Flestir eru miðlungsmenn eða þar um kring. Og það er eins og miðlungsmönnunum sé altaf að fjölga, en hinum — afburðamönnunum — að fækka.

Að dómi almennings — og sögunnar — eru þeir menn, hverrar stéttar sem eru, taldir að vera mestir, er vinna stærst þrekvirkin, hvort heldur er á sviði bókmentanna eða í verklegum framkvæmdum. Ef nú að þessi verk hafa stutt að almennings heill, og orðið til blessunar landi og lýð, eða verða það sjáanlega í framtíðinni, þá má með sanni kalla þá, er að þeim hafa staðið, höfðingja og velgerðamenn sinnar þjóðar. Þetta á sér jafnt stað um þá, sem eru fyrirmyndarmenn í búskap og gera stórfeldar jarðabætur og hina, sem eru skáld „af guðs náð" eða listamenn með afbrigðum. Slíkir ágætismenn eru „guðleg gjöf" hverri þjóð og þeim er aldrei of þakkað. Fyrir þeim, og verkum þeirra bera menn ósjálfrátt virðingu.

En eins og vikið er að hér á undan, þá hættir mörgum mönnum við — einkum þó skólagengnum mönnum og þeim sérstaklega, sem alið hafa mestan hluta æfi sinnar í bæjum — að einblína á þá, sem iðka listir og bókmentir, en gleyma hinum, sem fást við verklegt störf. Það er engu líkara en að verklegu störfin og verklegar framkvæmdirnar hafi lítið gildi í augum þessara manna. Hlýtur það að stafa af ókunnugleik á gagnsemi og þýðingu verklegra framkvæmda, eða þá af fordóms hroka. Ef til vill eru augu þeirra svo haldin, vegna

langvinns bóknáms og skólalærdóms, að þeir sjái ekki neitt annað en það, sem eitthvað á skylt við listir og bókmentir.

Þessi glámskygni á verklegar framkvæmdir og virðingarleysi fyrir líkamlegri vinnu, stendur líklega frá upphafi í sambandi við óbeit þá, er margt skólagengið fólk hefir á allri algengri vinnu — þessa óbeit drekka nemendur, einkum hinna æðri skóla, í sig á námsárunum og eftir því sem námsárunum fjölgar eykst þessi tilfinning meira og meira. Þeir sem dvelja lengi — mörg herrans ár — á þessum skólum verða því með aldrinum gersamlega óhæfir til allrar vinnu, vegna verklegrar vankunnáttu, leti og óbeitar á líkamlegum störfum. Bóknámið er orðið þeirra heimur. Svið verklegra framkvæmda finst þeim sér alveg óviðkomandi. Það er fyrir utan þá — og neðan. Og þeir sem fást við verklegar athafnir og vinna al-

genga vinnu, eru í augum þeirra lítilsvirðir.

Sá hugsunarháttur að líta niður á þá sem vinna líkamlega vinnu, og meta líkamleg störf og verklegar framkvæmdir að litlu, er því allmjög ríkjandi hjá sumum þeirra, er teljast að vera „lærðir“ og meðal námsmanna æðri skólanna einkum þeim, sem alist hafa upp í kaupstöðum. En þetta er illa farið og síst mun þessi hugsunarháttur vel til þess fallinn, að vekja virðingu alþýðu manna á embættisstétt landsins eða „lærða lýðnum“ yfir höfuð. Þetta þarf því að breytast ef vel á að vera.

Að líta „<u>upp</u> <u>til</u>“ þeirra er fást við skáldskap, listir og bókmentir, en <u>niður</u> á hina, er vinna að framleiðslu til lands og sjávar, gæti einnig orðið til þess, að allir æsktu sér eða vildu verða skáld, listamenn, rithöfundar, eða þá konungsins embættismenn. Það sé — eftir reynslunni að dæma — fínna en að vinna og um leið meiri von til vegs og virðingar.

En í raun og veru er nú þetta mesti misskilningur. Það segir sig sjálft, og ætti að vera auðsætt hverjum meðal-skynsömum manni, jafnvel þótt „lærður“ sé, að framtakssemi og dugnaður í verklegum efnum er ætíð virðingarverður. Dugnaðar-bóndinn og dyggi verkamaðurinn, sem vinna baki brotnu og bera hita og þunga dagsins eru jafnvirðingarverðir og þjóðskáldin góð-frægu eða listamennirnir viðurkendu. Þessu meiga menn ekki gleyma, og síst af öllu bændurnir sjálfir, eða þeir sem vinna lík-amlega vinnu.

Sannleikurinn er nú sá, að <u>verk-legum</u> framkvæmdum einstaklinganna er ekki ætíð gefinn sá gaumur sem skyldi og þær verðskulda. Einkum á þetta sér stað hjá þeim, er þykjast reiða „bókvitið“ í þverpokum, en hafa fátt annað til síns ágætis. — En virðing fyrir líkamlegri vinnu verður naumast unt að auka, nema að þeim sé gert jafnt undir höfði, er vinna með höndum, og hinum, er starfa með höfðinu ~~og~~ eða heilanum, enda á það svo að vera. En á því er mikill misbrestur.

Öll vinna, er þarfir manna og nauð-syn krefur, að inti sé að hendi, er <u>heiðarleg</u>, hverju nafni sem hún nefnist. Að þessu leyti er fjósamaðurinn, fjárhirðirinn, jarða-bótarmaðurinn o. s. frv. jafn virðingarverður og hinir, er stunda bókmentir listir og skáldskap. Þar er enginn munur á, ef hvorirtveggja vinna sín verk trúlega og eftir megni.

Sá sem leysir af hendi <u>ágætis</u> <u>verk</u>, hvort sem það nú eru jarðabætur eða annað, á þakkir og virðing skilið. Og eigi síst ber að þakka þeim, sem með litlum efn-um og erfiðri aðstöðu leysa af hendi góð verk og ~~göfug~~ gagnleg. Metum menn eftir <u>verkum</u> þeirra, en ekki eftir efnum, völdum

eða því, hvað þeir hafa verið mörg ár í skóla.

Í öðrum löndum eru þeim mönnum ~~veitt~~ sýnd ýms virðingarmerki er sýna t.d. framúrskarandi dugnað í jarðabótum. Blöðin flytja skýrslur um framkvæmdir þeirra. Í Noregi kom út bók nú fyrir allmörgum árum, um þá menn, er síðasta mannsaldurinn höfðu þar öðrum fremur, gert miklar jarðabætur, ræktað upp lönd, er áður voru í órækt og yfir höfuð bætt jarðir sínar mjög mikið

Víða erlendis er bæði bændum og vinnuhjúum veitt verðlaun fyrir dugnað og hyggindi iðni og reglusemi. Verðlaunin eru tíðast, annaðhvort peningar, einhverjir munir, minnispeningar eða önnur heiðursviðurkenning.

Hér á landi er bændum, sem skara fram úr í jarðabótum og búskap veitt verðlaun úr Styrktarsjóði Kristjáns konungs 9. Þau verðlaun hljóta tveir bændur ár hvert, þeir er skara framúr öðrum með stórfeldar jarðabætur og myndar-búskap. — Einnig hafa nokkrum bændum árlega, er vinna miklar jarðabætur, verið veitt verðlaun úr Ræktunarsjóði. En ekki er af meinu að ~~telja~~ láta en því, um þessi verðlaun, að margir telja þau eftir, og álíta að því fé, er gengið hefir til verðlaunanna sé á glæ kastað og til ónýtis eytt. En þetta er í rauninni mesti misskilningur, sprottinn af ókunnugleik eða öðru lakara.

En þannig er það nú þegar bændum og búalýð er veitt einhver viðurkenning. Þá er féð, eða viðurkenningin oft veitt með eftirtölum. En á sama tíma, er fé ausið á báða borð — þó ekki ætíð umyrðalaust — til rithöfunda, skálda og listamanna, bæði verðugra og óverðugra. En út í þá sálma skal eigi lengra farið hér.

Hitt ber að undirstrika og leggja áherslu á, að verk manna, eðli sem lægri, séu metin að verðleikum og réttlátlega. Víða að verð-

leikum hvern þann erfiðis og áthafna mann,
sem vinnur verk sitt vel og trúlega —
og vinnur, á „meðan dagur er".

S. J.

---

## Hvers virði er maðurinn?

Við vitum það allir, að maðurinn er ekki annað en „pismi og leir", en þó mun fáum hafa dottið í hug að gera jafn lítið úr manninum, og Amerikskum lækni nokkrum. Hann hefir reiknað út hvers virði mannlegur líkami sé, og komist að þeirri niðurstöðu, að hann sé ekki nema 98 centa virði, eða um kr. 4,50, ef hann væri efnafræðislega leystur í sundur, og er þó miðað við lyfsala-verð. „En það er sálin, sem er mikils virði" segir hann, „og það er henni að þakka að lífsábyrgðarfélögin meta mannslífið upp og ofan á 5000 dollara"

(S. J.)

## Stefnuskráin

Færð til betra máls og snarað í stuðla
af Jóni Kjósar-lang. [Aðsent]

Vér viljum helst að segja og semja
um sjálfstæðið, — teljum landráð fremja
alla, sem mögla meira um það.
Með stjórnarskrá nýrri og fengnum fána
finst oss að lífið hljóti að skána.
og sitjum nú ágn á sama stað.

Á alþjóðu vorar innlend málin
á nú að brýna dáða stráin,
svo fjöllin skrökti af framförum;
Ekkert með sama svip skal vera
svo má ýmislegt fleira gera.
í flokka dýrmætum frístundum.

Með ráðdeildar vorar tolli og byljum

ræktun landsins vér flýta viljum
og græða tún þar sem Gláma er.
Í óræktar móa og mosa flóa
mein vér sáum, er leysir snjóa,
að láta hestana hegja sér.

Vér viljum fara á fiskiveiðr
fram og aftur ~~á~~ um lýsu heiðr
og krakja í það sem þar er skást.
Viljum vér hafa hrosshársfæri,
en hirða minna um erlend snæri,
af þjóðerniskend og ættlandsást.

Að iðnaði væri vert að hlynna
viljum vér einkum kemba og spinna,
því þetta er eina þjóðlegast,
og láta ekki stráka – strákra hnokka –
stúlknanna slíta upp í rokka,
sem óþarfi verður að álítast.

Bankana vora er best að efla,
breyta þeim ögn og láta skefla
gleymsku yfir hin gömlu lán.
Með aurum úr þeim er þörf að jafna
þjóðarskektunnar milli stafna
þetta dýrtíðar djöfuls rán.

Síðan viljum vér signa og blessa
samgöngurnar og lýðinn hressa
með flugvélum bæði og bryndrekum.
Ætlumst vér til að elfur vorar
engan tefji nú þegar vorar,
því brýr verða á þeim bölvuðum.

Allan viljum vér endurskoða
ættjarðar vorrar laga hroða
og breyta því sem vér byggjum til. —
Úr fossunum mætti rafmagn reita
ráðdeild, hugviti og snilldum beita.
– Hamingjan gefi oss greinaskil.

Vér viljum láta lögin ganga
landsins jafnt yfir alla fanga
og hafa jafnmarga úr hverjum hrepp;
Tugthúsið þarf að styrkja og stækka,
stórhýsi vátryggð mætti fækka,
en vissara mun að víkka Klepp.

Vér viljum spyrna og vinna móti
vargaskap lýðsins ragni og blóti
en gefa út skikkanlegt skammablað
Vöntum vér þess, að einn og allir
orðhákar landsins í skensi snjallir
skammist til þess að skrifa í það.

Þá er nú stílað „stefnuskráin"
stórkostleg fyrir land og sjáinn,
— þjóðarumhyggjan prykkt á blað.
Þarna eru fólksins framavegir.
Flestir erum vér heiðarlegir
og skrifum nú allir undir það.

Jón Kjósar-langur.

# Bókaskápurinn

–

Á síðasta aðalfundi Lestrarf. Mikla-bæjarsóknar upplýstist það, að bóka-safns-skápur félagsins væri orðinn alt of lítill. Væru allar hillur orðnar fullar og þó þrengra í þeim en heppilegt væri, auk þess kassahilla með bundnum bókum og þar fyrir utan allar óbundnar bækur félagsins, bæði þær sem hafðar eru til útláns og þær sem geymdar eru til bands. Fundurinn viðurkendi nauðsyn þess, að nýr skápur væri smíðaður og fól stjórn félagsins, að sjá um, að skápur yrði smíðaður, jafnstór hinum gamla.

Þessi bókaskápur sem nú er, er smíðaður fyrir fáum árum, og hefði verið heppilegra að hann hefði þá verið smíð-

aðr stærri en hann er. Ef til vill
hefir það komið til af því, að hann
mun að nokkru leyti hafa verið smíðaðr
upp úr eldri skáp (fyrsta bókaskápnum
sem fèlagið átti). En hvað sem um
það er, þá er nú óumflýjanlegt (að
koma upp nýjum bókaskáp. Nú ný-
lega hefir verið sent töluvert af bókum
í band, sem þurfa sitt pláss, þegar þær
koma aftur og til er líka nokkuð af
bókum sem bindast þurfa á næstunni.
Tillaga var samþykt um það á aðr-
nefndum fundi, að selja skyldi bak á
gamla skápinn og smíða hinn nýja með
baki. Efni og smíði nýja skápsins er
sennilegt að komi til með að kosta tölu-
vert og er þá sjáanlegt að skerðast
munu að nokkrum mun, peningar þeir
sem fèlagið hefir ætlað til bókakaupa og
bókbands. Og ætla mèr ekki beint að

vera að berja fèlaginu um fèleysi, en mèr finst
~~ætt~~ þó, að fèlagið hafi ekki hafi úr svo miklu fè
að spila undanfarið til bókakaupa, að það megi
á nokkurn hátt rírnast.

Mèr hefir dottið í hug, að fèlagsmenn ættu
að koma skápnum upp með samskotum og
stjórn fèlagsins hefir hugsað sèr þá leið fram-
kvæmanlega. Tveir fèlagsmenn hafa lofað að
leggja til við í hliðar skápsins og ~~um~~ um
helming af hillunum. Það sem á vantar,
finst mèr að hinir fèlagsmennirnir ættu að
geta lagt til, með hægu móti, annaðhvort
með því, að borga samskot sín í peningum,
eða þá að leggja til borðstúfa eða skífur
af hæfilegri breidd og þykt, í skápinn.
Þeir sem vildu heldur leggja til borðvið,
geta fengið upplýsingar um það, hjá sr.
Eiríksi á Mikladal, hvað hentugast sè, með
þykt og breidd borðanna eða skífanna.
Og man eftir því, á aðrnefndum

lestrarfjelagsfundi að Tólmerdor deilur urðu um það hvort hafa skyldi bögglauppboð á samkomu þeirri, er þá var fyrirhugað að fjelagið hjeldi. Mótstöðumenn þeirrar hugmyndar (böggluppboðs) kváðust heldur vilja hallast að samskotum í þágu fjelagsins, heldur en gefa til bögglauppboðs eða styrkja það á annan hátt, því þeir álitu, að það hefði skemmandi áhrif á samkomugleðina. Eg hefi ekki verið neinn sjerstakur formælandi bögglauppboða á samkomum fjelagsins, en eg býst samt við að eg hefði gefið eitthvað til þess í vetur og máske keypt eitthvað af bögglunum.

Í fyrravetur vann bögglauppboðið fjelaginu til Tólmerds fjár og eg er viss um, að hefði fjelagið fengið aðra svipaða fjárhæð fyrir bögglauppboð í vetur, þá mundi það hafa nægt til þess, að borga eftir í skáp fjelagsins og smíði á honum.

Hjer finst því, að bæði þeir, sem heldur vildu samskot, en bögglauppboð og eins þeir, sem mundu hafa gefið til bögglauppboðs, ættu að vera fúsir til þess, að koma skápnum upp með samskotum.

Að hafa hvíld fyrir skápnum er nauðsynlegt. Það er hægt að hafa mikið betri reglu á safninu með því móti. Og eg er viss um að það, að hafa skápinn lokaðan, hefir mikið hjálpað fyrverandi bókaverði (Friðrik í Víðivallaskóli), til þess að hafa safnið í jafngóðri og ágætri reglu og umbúðum og hann hafði það. Umhyggja hans fyrir safninu og reglusemi, hefir óefanlega átt sinn þátt í því, að nokkru leyti, að á bókavarðar-árum hans jókst lestur bókanna að allmiklum mun. Og má fjelagið vera honum þakklátt fyrir starf hans. Það er ólíkt aðgengilegra fyrir fjelagsmenn að nota safnið, þegar alt er í röð og reglu, og eg vildi óska þess, að bókasafn lestrarfjelagsins yrði framvegis í jafn góðri

reglu og það hefir verið á síðastliðnum árum. Og vonandi verður núverandi bókavörður ekki eftirbátur hins fráfaranda í því, að halda safninu í sömu reglu og verið hefir.

St. J.

## Næsta blað

eiga að semja, og sjá um útkomu á því: sr. Lárus Arnórsson, Guðrún Björnsdóttir, Ingólfur Agnarsson, Sæmey Þorsteinsdóttir og Steindór Pétursson, og þessi ákvörðun samkvæmt ákvæðum síðasta aðalfundar.

Mér þætti æskilegast að efni í hverju Tölublaði Viljans yrði ekki meira, en sem svaraði 40–50 blaðsíðum í því broti sem er á þessu Tölublaði „Viljans“

St. J.

---

## Andsvör

Stefán á Höskuldsstöðum! Þú skrifar hér í þessu blaði nokkrar athugasemdir við tvær greinar eftir mig, sem birst hafa hér í blaðinu. Hin fyrri var um „Sláturhús við Borgará.“ Ég ætla mér ekki að fara að ræða hér frekar um það mál, aðeins geta þess að þegar ég skrifaði umrædda grein snemma í janúar, var sláturhúsmálið hér fremur í reifum, og engin líkindi þá önnur en þau, að það yrði hlutaðeigandi hreppar, sem kosta yrðu bygginguna sláturhússins, og þá fannst mér ekki ástæða til annars en það yrði sjálfstætt hlutafélag, sem ekki væri í neinu sambandi við Sláturf. eða Kaupf. Skagfirðinga. En á Akra-fundinum komu fram líkur á því að Kaupf. mundi til með að kosta bygginguna á fyrirh. húsi, og þá horfði málið talsvert öðruvísi við. Og hugsa nú, að skoðanir okkar í þessu máli séu ekki eins skiftar eins og þér dettur í hug, og við getum hér eftir eins og áður átt í því

samleið. —

Þá er að minnast á „Drengjakollinn" líf, þú Stefán minn hefðir lesið þá grein mína með athugun, en ekki hlaupið yfir hana á hálfgerðu „hundavaði" hefði þú ekki farið að krota þessi „Fáein orð" frá þér.

Eins og þú hlýtur að sjá á grein þessari við nákvæmari yfirvegun, er þar margt sagt í spaugi eins og ég tek þar fram. En öllu gamni fylgir og nokkur alvara, vilt þú segja, og svo sé eins hér.

Og ég skal líka fúslega við það kannast að ég er þykkju þungur í garð þeirra kvenna er apa alt eftir tískunni, og fyrir afbrot þeirra gagnvart fornum þjóðlegum ~~siðum og~~ landsvenjum.

En að ég vilji amast við því að konur myndi með sér félagsskap til þess að hrinda sínum áhugamálum í framkvæmd; eins og t. d. „Kvenfélögum", sem setja sér það stefnumið að vinna að „líknarstarfsemi og heimilisiðnaði", það mátt þú góði minn ekki láta þér í ~~til~~ hug~~x~~ koma. Að ~~þeim~~ slíkum félagsskap og samvinnu kvenna mun ég síðastur manna kasta að steini.

En afskifti konunnar af stjórnmálum og öðrum „hrossakaupamálum" gef ég lítið fyrir. Ég álít stöðu hennar innan íslenska heimilisins, göfugri en það, en konan saurgi hana með því að anda að sér því andrúmslofti, sem ríkir í okkar pólitíska heimi, þar sem manngildi og drengskapur er metinn einskisvirði — en og ekki minnist á „náungans kærleika". —

Annars mátt þú Stefán minn gera þær athugasemdir við mínar greinar í Viljanum sem þú vilt. Þær eiga sér ~~en~~ sína annmarka eins og annað, og mér er það þykkju laust þótt þú segir mér til syndanna ef þú finnur til þess brýna ástæðu.

En ég hefði álitið frekari þörf á því, að þú í þessu síðasta blaði Viljans sem út kemur á vetrinum, hefðir tekið þann náunga til bæna, sem skrifaði greinina „Vinnugólfið" í blaðið á dögunum, það blaðið sem þú sjálfur átt að sjá um útkomu á. Grein sem kastaði þeim hnútum og óorðsleddum dylgjum í garð okkar bænda, að ég hefði aldrei getað trúað neinum sveitunga mínum til slíkar

ómensku á vígvelli; og skilningsskorts og þröngsýni á högum þeirrar stéttar, sem greinarhöf. hefir alist upp með.

Annars álít ég mér ekki að ræða hér á minsta grein, sem hæglega má hrekja lið fyrir lið.

En vil aðeins geta þess, sem ég þegar hef tekið fram, að þar hefði þú minn, kæri Stefán átt að beita penna þínum, sem málsvari okkar bændanna.

Taka þennan óvanga drenglega til bæna, segja honum til syndanna — því ef hann heldur áfram slíkum og þvílíkum ritsmíðum — þá má geta þess til að hann lendi ekki mjög ofarlega á Skroplöðunum eilífðarinnar þegar þar að kemur.

M. H. G.